



Proskapjálfafélag  
Íslands

**Aðalfundur  
Proskapjálfafélags Íslands  
Borgartúni 6, 105 Reykjavík  
5. maí 2011**

## Dagskrá

---

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

### Stjórn ÞÍ

---

Stjórn ÞÍ skipuðu: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, Sigríður Rut Hilmarsdóttir varaformaður, Þórunn Guðrún Einarsdóttir ritari, Valborg Helgadóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Bryndís Guðmundsdóttir, og Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir. Þetta starfsár hefur stjórn verið skipuð sex stjórnarmönnum í stað sjö þar sem einn stjórnarmeðlimur sagði sig úr stjórn félagsins. Stjórn skipti með sér föstum verkefnum.

Laufey Elísabet Gissurardóttir og Sigríður Rut Hilmarsdóttir sitja í miðstjórn BHM og Salóme Anna Þórisdóttir hefur verið varamaður ÞÍ í miðstjórn.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Sigríður Rut Hilmarsdóttir er tengiliður við Trúnaðarmannaráð.

Bryndís Guðmundsdóttir er tengiliður við Fagráð.

Þórunn Guðrún Einarsdóttir er fulltrúi félagsins í Þroskahjálp.

Valborg Helgadóttir er tengiliður við Laganefnd og situr í stjórn Vísinda- og Kjaradeilusjóðs.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir er fulltrúi í ritstjórn Netlu.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, Kjörnefnd, Útgáfuráð og fulltrúi í stjórn NFFS.

Salóme Anna Þórisdóttir er fulltrúi ÞÍ stjórn AIEJI og NFFS.

Guðlaug Valgarsdóttir er formaður Starfsleyfisnefndar.

Starfshlutfall á skrifstofu skiptist þannig: Formaður er í fullu starfi og fulltrúi var í 35% starfi til 31. desember 2010. Anna Lilja Magnúsdóttir þroskaþjálfari var ráðinn framkvæmdastjóri í 60% starf frá og með 1. maí 2011. Varaformaður og gjaldkeri eru í 10 % starfi til 31. maí næst komandi. Með þessum breytingum verður starfshlutfall varaformanns og gjaldkera lagt niður og einnig starf fulltrúa á skrifstofu. Þessar breytingar á fyrirkomulagi skrifstofu hefur í för með sér aukningu um sem samsvarar 5 % starfshlutfalli. Hlutverk stjórnar helst óbreytt og varaformaður heldur áfram að sinna sínum störfum.

Bókahald ársins 2010 var unnið af fulltrúa á skrifstofunni og endurskoðun var keypt af BJ Endurskoðunarskrifstofu ehf og vinna við heimasíðu af Magnúsi Helga Björgvinssyni.

Stéttarfélagar eru 572 talsins, fagaðilar 11 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfarafræðum skráðu sig sem aukafélaga.

### Hefðbundin stjórnarstörf

---

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 23 skipti. Auk þess hélt stjórn vinnufund um starfsemi og stefnu félagsins. Umfjöllunarefni stjórnar voru hefðbundin kjara-, fag- og rekstrarmál félagsins.

Einnig fjallaði stjórn um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitafélaga. ÞÍ átti fulltrúa í samráðshópi sem skipaður var af þáverandi félags og tryggingamálaráðherra um málefni starfsmanna vegna yfirfærslunnar.

Í maí 2010 var haldinn fundur með ráðum og nefndum þar sem nefndir og ráð félagsins settu sér markmið fyrir starfsárið og skiptu með sér verkum.

Í maí sendi trúnaðarmannaráð öllum framboðum til sveitastjórnarkosninga spurningar og óskaði eftir svörum. Sjá má spurningarnar og svörin á heimasíðu félagsins.

Trúnaðarmannafundir voru alls sex á árinu. Námskeið var haldið fyrir trúnaðarmenn félagsins 20. október í samningartækni.. Sjá nánar skýrslu trúnaðarmannaráðs.

Í júní 2010 var haldið boð fyrir útskriftanema og þeir boðnir velkomnir í félagið.

Markaðshópur félagsins fundaði nokkrum sinnum á árinu og fékk Þorstein Gunnarsson frá KOM – Almannatengsl á fund sinn til að koma með hugmyndir hvað æskilegt væri fyrir félagið að gera. Félagið tók þátt í kynningarátaki BHM, Educuated by Iceland.

Stjórn sendi frá sér ályktun í mars vegna reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Þar sem stjórn fagnar nýrri reglugerð

Til að framfylgja markmiðum nýrrar reglugerðar er tekið fram í 8. grein um framkvæmd þjónustu á heimilum fatlaðs fólks, að sá sem hefur mannaforráð og ber faglega ábyrgð á daglegu starfi með fötluðu fólki á heimilum þess skuli hafa þekkingu og reynslu af starfi með þeim og menntun til slíkra starfa ef mögulegt er. Stjórn ÞÍ vill koma á framfæri óánægju sinni að notað sé orðalagið „*ef mögulegt er*“ og telur það draga úr mikilvægi þess að menntunar sé krafist.

Í 7. gr. reglugerðar kemur fram að fatlað fólk eigi rétt á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun. ÞÍ vill vekja athygli á því að eitt að sérviðum þroskaþjálfunar er að setja upp einstaklingsmiðaða þjónustuáætlun og framfylgja henni í samstarfi við fatlað fólk.

Til að hægt sé að fylgja eftir markmiðum og framkvæmd þjónustunnar í nýrri reglugerð telur stjórn ÞÍ þroskaþjálfara nauðsynlega fagstétt til að hægt sé að tryggja faglega þjónustu og að réttindum fatlaðs fólks á heimilum þess sé framfylgt.

Stjórn sendi frá sér umsögn varðandi skýrslu starfshóps um Greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, gunnskóla og frístundaheimila í mars 2011. Í umsögninni er lýst yfir áhyggjum varðandi fyrirhugaðar breytingar á uppeldisstofnunum borgarinnar eins og þær birtast í skýrslu starfshóps um Greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. ÞÍ getur ekki greint faglegan ávinning fyrir æsku borgarinnar ef til breytinganna kemur

Í október stóð ÞÍ fyrir tveimur upplýsingafundum vegna yfirlýsingu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Á fyrri fundinn voru fulltrúar frá Reykjavíkurborg boðnir og á seinni fundinn voru boðnir fulltrúar frá Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ. Markmiðið með þessum fundum var að þroskaþjálfar fengju svör við þeim spurningum sem var ósvarað. Þessir fundir voru vel sóttir og gagnlegir.

Síðustu mánuði hefur stjórn félagsins lagt áherslu á að funda með þroskaþjálfum og trúnaðarmönnum um land allt. Vegna yfirlýsingu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hefur verið nauðsynlegt að setjast niður, skoða hvernig til hefur tekist, gagnrýna og rýna til gagns á þessum tímamótum og miðla upplýsingum. Þeir eru eftirfarandi:

Fundur með félagsmönnum hjá Ási styrktarfélagi 21. september 2010  
Fundur með félagsmönnum á Hvolsvelli 23. september 2010  
Fundur með félagsmönnum starfandi í grunnskólum Reykjavíkur 6. október 2010  
Fundur með félagsmönnum hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, 8. október 2010  
Fundur með félagsmönnum á Austurlandi 8. október 2010  
Fundur með félagsmönnum hjá SSR 13. október 2010  
Fundur með félagsmönnum sem starfa í leik- og grunnskólum í Kraganum 24. október 2010  
Fundur með félagsmönnum starfandi hjá SMFR 19. október 2010  
Fundur með félagsmönnum á Sauðárkróki 5. nóvember 2010  
Fundur með félagsmönnum á Akureyri 5. nóvember 2010  
Fundur með félagsmönnum og félagsmönnum á Austurlandi 25. febrúar 2011  
Fundur með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar 8. mars 2011  
Fundur með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á Akureyri 11. mars 2011  
Fundur með trúnaðarmönnum og félagsmönnum í Kópavogi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Garðabæ og Álftanesi 15. mars 2011  
Fundur með trúnaðarmanni og félagsmönnum á Suðurnesjum 16. mars 2011  
Fundur með trúnaðarmönnum og félagsmönnum hjá Ási styrktarfélagi 17. mars 2011  
Fundur með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á Suðurlandi 30. mars 2011  
Fundur með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á Akranesi 31. mars 2011

Fræðslufundir hafa verið tveir á starfsárinu.

Í nóvember var haldinn hádegisverðarfundur á Grand Hótel sem bar yfirskriftina:

Þroskaþjálfun og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA). Fyrirlesari var Freyja Haraldsdóttir þroskaþjálfari.

Í apríl var haldinn fræðslufundur sem bar yfirskriftina: Hvaða þýðingu hefur breyting á reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu fyrir þroskaþjálfara? Þrír fulltrúar fluttu erindi: Friðrik Sigurðsson, þroskaþjálfari, sem fulltrúi Þroskaþjálfara, Sigríður Kristjánsdóttir, þroskaþjálfari, fyrverandi framkvæmdastjóra SMFR og Aileen Sveinsdóttir formaður Átaks. Góð mæting var á þessa fræðslufundi.

Starfsdagar voru haldnir 27. – 28. janúar. Yfirheiti þeirra var **Þroskaþjálfun - hlutverk og framtíð**. Ákveðið var að beita sömu aðferð og á þjóðfundinum í fyrra. Markmiðið var að kalla fram margar og fjölbreytilegar skoðanir frá öllum þátttakendum og að tryggja að allir væru virkjaðir í að koma fram með sínar hugmyndir.

Á starfsdögunum voru nokkur umræðuefni sem mikilvægt þótti að leggja áherslu á: *Nám, hlutverk, fagleg verkfæri, sýnileiki/ímynd/markaðssetning, hugmyndafræði, þróun/nýbreytni, réttindagæsla og réttindi og kjaramál*. undirbúningur var í höndum fagraðs félagsins.

Mikil vinna fór fram á starfsdögunum og eru fyrstu niðurstöður nú komnar á heimasíðu félagsins. Um 140 þroskaþjálfarar voru á starfsdögunum ásamt nokkrum 3ja árs nemum í þroskaþjálfarafræðum. Mikil ánægja var með fyrirkomulagið ef marka má matsblöð sem þátttakendur skiluðu í lokin. Stefnt er að því að setja á laggirnar átta starfshópa til að vinna áfram með þær niðurstöður sem komu fram í hverju málefni.

Proskapjálfafélagið tók þátt í alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2011 fyrir friði og jafnrétti. Dagskrá var í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Meðal þeirra sem komu fram voru Vigdís Finnbogadóttir, Elín Björg Jónsdóttir, Katrín Oddsdóttir, Andrés Magnússon, Ellen Kristjánsdóttir.

Á stjórnarfundum í mars 2011 var samþykkt að fela Guðnýju Stefánsdóttur, Ragnhildi Sigurðardóttur og Þóroddi Þórarinssyni í undirbúningsnefnd til að skoða möguleika á að gefa út afmælisrit í tilefni á 50 ára afmæli félagsins 2015.

## **Samráðshópur vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitafélaga málefni starfsmanna**

---

Í janúar s.l. var þjónusta við fatlaða flutt frá ríki til sveitarfélaga. Þ.Í. fagnaði þeim flutningi því með honum var mikilvægum áfanga náð í réttindabaráttu fatlaðra. Stjórn Þ.Í. hefði þó viljað sjá faglegar unnið að þessari breytingu og ályktaði um lögín ásamt því að senda inn umsögn. Lögín um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum voru ekki samþykkt fyrir en 17. desember s.l. eða aðeins 14 dögum fyrir tilfærslu yfir til sveitarfélaganna. Þetta nefna margir „íslensku aðferðina“ segja má að sú aðferð sé ekki sú ákjósanlegasta.

Árið 2009 skipaði þáverandi félags- og tryggingarmálaráðherra samráðshóp vegna yfirfærslunnar.

Í samráðshópnum voru:

Arna Jakobína Björnsdóttir fulltrúi KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannathjónustu og Samflots bæjarstarfsmannafélaga

Einar Njálsson formaður, fulltrúi félagsmálaráðuneytis

Helga Jóhannesdóttir fulltrúi fjármálaráðuneytis

Inga Rún Ólafsdóttir fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Kristín Þóra Harðardóttir fulltrúi Reykjavíkurborgar

Kristín Á. Guðmundsdóttir fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB)

Salóme Þórisdóttir fulltrúi **Proskapjálfafélags Íslands**

Signý Jóhannesdóttir fulltrúi Starfsgreinasambandsins (SGS)

Sverrir Óskarsson fulltrúi Bandalags háskólamanna (BHM)

Þórarinn Eyfjörð fulltrúi SFR – stéttarfélags í almannathjónustu

Auk þeirra störfuðu með hópnum:

Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Haraldur Eggertsson frá Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar

Harpa Ólafsdóttir frá Starfsgreinasambandinu

Laufey Elísabet Gissurardóttir frá **Proskapjálfafélagi Íslands**

Fyrsti fundur hópsins var haldinn þann 30. apríl 2009 og lauk skýrslugerð .28. apríl 2011

Í viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga dags. 13. mars 2009 kemur eftirfarandi fram í 14. gr. í viðauka 2: „Gætt verður að því að tryggja réttindi þeirra starfsmanna sem skipta um vinnuveitanda í tengslum við yfirfærsluna. Virkt samráð verður haft við stéttarfélög“.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma tilfærslu þjónustu við fatlað fólk dags. 6. júlí 2010 kemur fram í 15. gr.: „Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum sem og framlögum á fjárlögum, auk fyrirvara um ásættanlega lausn varðandi ófrágengin atriði, svo sem aðild starfsmanna að stéttarfélögum, meðferð fasteignamála og lífeyrisskuldbindingar.

Eins og fram kom hér að ofan gerði stjórn félagsins alvarlegar athugasemdir við lög sem samþykkt voru 17. desember 2010. Má þar fyrst nefna að öll starfsemi svæðisskrifstofa var lögð niður en með því teljum við hættu á að nauðsynleg þekking og færni sem þar var að finna flytjist ekki til sveitarfélaganna. Fagfólk með sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks hefur mikilvægu hlutverki að gegna í útfærslu og framkvæmd þjónustunnar. Þarna hafa því hugsanlega verið skapaðar aðstæður sem hindra lögbundna þjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að gegna. Slíkt getur ekki samræmst markmiðum flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í lögunum kemur einnig fram að velferðarráðherra eigi að skipa samráðsnefnd sem hefur það hlutverk að vera velferðarráðherra og sveitarfélögum til ráðgjafar um málefni fatlaðra. Hafa umsjón með framkvæmd á yfirfærslu þjónustu við fatlaða, gera tillögur um breytingar á tilhögun yfirfærslunnar eftir því sem ástæða er til, stýra endurmati yfirfærslunnar og fjalla um vafamál og álitæfni sem upp kunna að koma. Ráðherra er heimilt að fela nefndinni frekari verkefni í tengslum við yfirfærslu þjónustunnar.

Proskapjálfafélag Íslands gerði einnig alvarlega athugasemd við að fag- og stéttarfélögum var ekki boðið að eiga fulltrúa í þessari samráðsnefnd til að tryggja enn frekar góðan árangur af flutningi málefna fatlaðra til sveitafélaga.

Í lögunum kemur einnig fram að ráðherra skuli, eigi síðar en 1. mars 2011, leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk þar sem m.a. eru lögð til ákvæði um réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk, persónulega talsmenn og nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr nauðung við fatlað fólk. Þessi lög eru nú til umsagnar.

Velferðarráðherra skrifaði undir nýja reglugerð um trúnaðarmenn fatlaðs fólks 22. febrúar s.l. Í þeirri reglugerð kemur m.a. fram að ráðherra skipar trúnaðarmenn fatlaðra að fengnum tillögum frá heildarsamtökum fatlaðs fólks.

Verkefni trúnaðarmanna er að fylgjast með högum fatlaðs fólks og aðstoða það við hvers konar réttindagæslu. Trúnaðarmaður skal vera sýnilegur í störfum sínum, halda reglulega fundi með fötluðu fólki á sínu svæði og standa fyrir fræðslu fyrir fatlaða einstaklinga og þá sem veita þeim þjónustu.

Einnig ber að fagna að í lögunum kemur fram að eigi síðar en 1. október 2011 skal ráðherra leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Þar skal setja fram stefnu í málefnum fatlaðs fólks, skýra forgangsröðun verkefna, markvissa aðgerðaáætlun og skilgreinda árangursmælikvarða. Tímasettar verði m.a. aðgerðir vegna lögfestingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu. Hér er um mikil framfaraskref að ræða.

Eins og fram hefur komið er skýrslu samráðshópsins nú lokið en ÞÍ hefur ekki skrifað undir ásamt fulltrúum BHM vegna þess að ekki hefur verið gengið frá áunnu og gjaldföllu orlofi við félagsmenn.

## Undirbúningur ráðstefnu 11.-13. ágúst 2011. Welfare and professionalism in Turbulent Times Where are we now and where are we heading?

---

Proskabjálfafélagið ásamt Félagsráðgjafafélagi Íslands ÍS-Forsa (Samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf), Námsbraut í þroskabjálfafræðum við HÍ og Félagsráðgjafadeild félagsvísindasviðs HÍ munu standa saman að skipulagningu ráðstefnu í samstarfi við Nordisk Forum For Socialpedagoger (NFFS). Að auki koma norrænt félag félagsráðgjafa, Forsa á Norðurlöndum og Norrænt félag skóla um menntun félagsráðgjafa.

Ráðstefnan verður 11. - 13. ágúst 2011 á Grand Hótel í Reykjavík. Þetta verður fyrsta sameiginlega norræna ráðstefnan um velferðarmál og fagmennsku á umbrotatímum. Yfirskrift ráðstefnunnar verður: *Hvernig er staðan og hvert stefnum við í velferðarmálum?*

Undirbúningur er í fullum gangi og hafa um 180 útdrættir (abstract) verið samþykktir. Búið er að flokka údrættina niður í 15 þemu sem eru: *Fagmennska, Fræði og fag,*

*Notendasamráð/Valdefling, Hæfing/Virkni, Kreppan, Öldrun, Innflytjendur / Flóttamenn/ Fatlaðir, Samfélagsvinna, Velferd og margnale serene grubber!! Welfare and marginal groups!, Fjölskyldan, Stjórnun/stefnur, Menntun, Barnavernd, Ofbeldi og Husk.*

Nánari upplýsingar má finna um ráðstefnuna á: [www.yourhost.is/welfare2011](http://www.yourhost.is/welfare2011) Stjórn félagsins hvetur alla sem tækifæri hafa til að mæta á þessa fyrstu sameiginlegu ráðstefnu þessara aðila. Proskabjálfar geta verið stoltir af hversu margir þroskabjálfar verða með innlegg á þessari ráðstefnu. Minnum á að hægt er að sækja um styrk í starfsmenntunarsjóð BHM.

### Erlent samstarf

---

Proskabjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) en svo nefnast samtök norrænna þroskabjálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Síðustu tvö árin hefur félagið haldið utan um stjórn samtakanna og hafa stjórnarfundir þá verið haldnir hér á landi og voru þeir tveir á starfsárinu.

Helstu verkefni félagsins um þessar mundir er að undirbúa ráðstefnu hér að ofan. Síðustu tvö árin hefur verið unnið að greinargerð varðandi faglega ábyrgð og starfshætti í starfi fyrir fólk með þroskahömlun og er búið að gefa þá greinargerð út á ensku og dönsku og má finna hana á heimasíðu félagsins. Einnig hafa verið tekin fyrir málefni sem hæst bera meðal starfsstéttanna í hverju landi. Ákveðið hefur verið að næstu tvö árin að taka barnasáttmálann fyrir.

Félagið á fulltrúa AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi. Næsta alþjóðlega ráðstefna samtakanna verður árið 2013 í Lúxemborg. Til að fræðast frekar um þessi samtök er félagsmönnum bent á heimasíðu samtakanna [www.aieji.net](http://www.aieji.net).

Nefndir og ráð hafa starfað með reglubundnum hætti á árinu. Með starfi í nefndum og ráðum gefa félagar mikilvægan skerf til starfsemi félagsins. Þar er grasrótin og án hennar er ekkert félag. ÞÍ hefur átt miklu láni að fagna með breiðri þátttöku félagsmanna í starfsemi félagsins. Þessum aðilum er seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins aftar í skýrslunni.



Kjarasamningar hafa verið lausir frá árinu 2009 og hafa engar kjarabætur komið til þroskaþjálfna frá 2008. Í október 2010 var skrifað undir viðræðuáætlun við Reykjavíkurborg, Fjármálaráðneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS). Sjö samningafundir hafa verið haldnir með SNS á árinu en því miður hefur þeim viðræðum ekki miðað sem skyldi. Vinna á þeim fundum hefur að mestu farið í textavinnu í kjarasamningnum. Enn hefur ekki verið fundað með Reykjavíkurborg.

Samkomulag hefur verið gert á milli 22 aðildarfélaga BHM að fara í sameiginlegar viðræður um skilgreind sameiginleg mál, samhliða viðræðum þeirra um sérmál hvers félags við samninganefnd ríkisins (SNR). Tveir fundir hafa verið haldnir og sá þriðji verður föstudaginn 6. maí.

Aðalfundur BHM var haldinn 29. apríl síðastliðinn. Í ályktunum frá fundinum kemur m.a. fram krafa um að gengið verið af krafti til kjarasamningaviðræðna við stéttarfélög bandalagsins. Fundurinn hafnar því alfarið að umræður um skipan fiskveiðistjórnunarmála haldi samningum félaganna í gíslingu. Félögin innan BHM hafa nú verið samningslaus í rúm tvö ár. Á þessum tveimur árum hafa laun háskólamanna sem starfa hjá því opinbera lækkað, eða í besta falli haldist óbreytt meðan hækkar hafa verið á almennum vinnumarkaði.

Aðalfundur BHM krefst þess einnig að laun háskólamenntaðra verði hækkuð þar sem nú þegar er brostinn á atgervisflótti sem þarf að bregðast við.

Laun sérfræðinga á almennum vinnumarkaði eru nú þriðjungu hærri en laun félagsmanna BHM hjá ríki. Þessi munur má ekki haldast og honum verður að eyða án tafar.

Aðalfundur BHM leggur áherslu á að leiðin að þeirri framtíðarsýn sem birtist í “Ísland 2020“ verði vörðuð með áþreifanlegum hætti og áhersla á þekkingarsamfélag og vel launuð störf menntaðs vinnuafls verði raunveruleg.

Krafa aðildarfélaga BHM í yfirstandandi kjaraviðræðum er að:

- Leiðrétt verði kaupmáttarskerðing félagsmanna frá miðju ári 2008.
- Markvisst verði unnið að því að háskólamenntun sé metin til launa.
- Tækifæri háskólamenntaðra til sí- og endurmenntunar verði eflað.
- Skuldabyrði vegna námslána verði viðurkennd til jafns við aðrar skuldir. Komið verði til móts við greiðendur námslána. Greiðslubyrði vegna námslána, sem nú jafnast á við ein mánaðarlaun á ári, verði létt.
- Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði endurskoðuð. Almennt ákvæði um yfirvinnuskyldu verði fellt út og einnig verði ákvæði um skyldu til að hlíta breytingum á starfi fellt út eða því breytt þannig að ákvæðum ráðningarsamninga verði ekki breytt einhliða.
- Vinnulöggjöf verði breytt þannig að nýr kjarasamningur gildi frá þeim degi þegar sá sem fyrir er fellur úr gildi.
- Staðið verði við fyrirheit um starfsendurhæfingarsjóð, iðgjald í hann verði lögbundið og þátttaka lífeyrissjóða í sjóðnum tryggð.
- Uppsagnarfrestur starfsmanna 55 ára og eldri verði lengdur.

Í kjaraviðræðum hefur Þ.Í. lagt áherslu á að sú kaupmáttarskerðing sem þroskaþjálfar hafa orðið fyrir frá hrúni verði leiðrétt og menntun og ábyrgð verði metin til launa.

Eitt af helstu sérmálum Þ.Í. í þessum kjaraviðræðum er að vinnutímaskilgreining þroskaþjálfara í grunnskólum verði endurskoðuð og leiðrétt.

Hlutverk félagsins er, eins og áður segir, að semja um kaup og kjör þroskaþjálfara og standa vörð um réttindi félagsmanna og er því afar mikilvægt að í þeim efnum sé unnið af ákveðni og staðfestu.

## Kjarönnun Þroskaþjálfafélags Íslands 2010

---

Markmið könnunarinnar var að fá upplýsingar frá félagsmönnum hvað þeir vilji leggja áherslu á í komandi kröfugerð ÞÍ. Framkvæmd könnunarinnar fór fram með þeim hætti að stjórn sá um að gera spurningalista sem var sendur út á póstlista félagsins. Könnunin var gerð frá 29. september til 8. október 2010. Hægt er að skoða niðurstöður kjarakönnunar á heimasíðunni. Svörunin var 76% og heimtur því góðar. Samninganefndir félagsins skoðuðu vel þær athugasemdir sem félagsmenn sendu inn og nýttu í kröfugerðina.

Kjaraskerðing undanfarinna missera hefur bitnað á félagsmönnum ÞÍ á sama hátt og öllum öðrum. Aðgerðir sem gerðar hafa verið til hagræðingar og niðurskurðar í rekstri hins opinbera hafa að sjálfsögðu haft áhrif á starfsumhverfi þroskaþjálfara. Ýmis sveitarfélög hafa nú þegar hafið niðurskurðaraðgerðir sem einkum felast í skerðingu á starfshlutfalli og endurskilgreiningum starfa og uppsögnum.

Af einstökum málum sem komið hafa til afgreiðslu félagsins eru það mál sem varða ráðningakjör og réttindi félagsmanna sem vega þyngst. Félagið hefur það að markmiði að standa þétt við bakið á félagsmönnum sínum í samskiptum þeirra við launagreiðendur. Ýmis starfslokategd mál og mál sem varða breytt skipulag vinnustaða, einelti, veikindaréttur, orlofsréttur og uppsagnir hafa komið til kasta félagsins. Þá hefur félagið nýtt lögfræðing BHM sem komið hefur að nokkrum málum félagsmanna.

## Ýmis mál

---

Faghópum félagsins hefur verið að fjölga síðustu mánuði og eru nú orðnir fimm talsins þ.e. grunnskólahópur, leikskólahópur, dagþjónustuhópur, búsetuþjónustuhópur og hópur þroskaþjálfara sem starfa í félagsþjónustu. Mikilvægt er að efla faghópa félagsins og fagvitund félagsmanna. Faghópar hafa haldið starfsdaga, fræðslu, námskeið og fundað til að ræða stöðu mála. Þessir hópar starfa alfarið sjálfstætt og hafa skipað sér eigin *stjórnir* til að halda utan um og skipuleggja starfið. Starf af þessum toga er nauðsynlegt til eflingar fagstéttarinnar.

Kynning á starfsmati Reykjavíkurborgar fyrir þroskaþjálfara fór fram í apríl og maí 2011 þar sem starfsmatsráðgjafar Reykjavíkurborgar sáu um þá kynningu. Starfsmat er greiningartæki sem notað er til þess að leggja með kerfisbundnum hætti mat á innihald starfa og kröfur til starfs. Með starfsmati skapast þannig hlutlæg viðmið til grunnröðunar á störfum.

Stofnaður hefur verið Fag- og fræðslusjóður ÞÍ í samræmi við samþykkt aðalfundar 2009. Reglur sjóðsins eru í lokavinnslu en hlutverk sjóðsins verður að veita styrki vegna

framhaldsnáms og ekki síður vegna þróunarverkefna. Sjóðurinn er fjármagnaður af félagsgjöldum.

Vísindasjóður ÞÍ er í dag fyrir þroskaþjálfara sem starfa hjá sveitarfélögum og Reykjavík. Umsóknir þeirra sem rétt hafa um styrk úr sjóðnum skulu berast félaginu fyrir 1. ágúst. Úthlutað verður eigi síðar en 1. október. Upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu og heimsíðu félagsins [www.throska.is](http://www.throska.is)

Í Starfsleyfisnefnd eru Guðlaug Valgeirsdóttir, Hildur Eggertsdóttir og Ingunn Rán Kristinsdóttir. Verkefni nefndarinnar er umfjöllun starfsleyfisumsókna.

Umsækjendur koma víða að og hafa misjafnan menntunargrunn sem oft reynist erfitt að meta sem fullnægjandi forsendur fyrir starfsleyfisveitingu. Nefndin hafði þrjú mál til umfjöllunar á árinu.

### **Menntunarmál**

---

Fram kom á starfsdögum að lengja þyrfti þroskaþjálfanámið í 5 ár með frekari valkostum í meistaranámi og þar með auknum rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði greinarinnar. Störf þroskaþjálfara eru flókin og umfangsmikil og krefjast mikillar fagþekkingar..

Félagmenn eru hvattir til að kynna sér og fylgjast vel með þróun menntunarmála sinna. Það er á ábyrgð hvers og eins að stunda endur- og símenntun, því þurfum við öll að fylgjast vel með og gera kröfur um að framboð náms sé í samræmi við þarfir okkar.

Í ár útskrifast um 50 nemendur með BA í þroskaþjálfun frá HÍ og vonandi koma þeir allir til starfa sem þroskaþjálfar og gerast félagar í ÞÍ. Stjórn ÞÍ óskar þeim öllum innilega til hamingju og hlakkar til farsæls samstarfs í framtíðinni.

Nú stöndum við nú á tímamótum þar sem þroskaþjálfar starfa á breiðum vettvangi. Um áramótin varð sá vettvangur dreifðari og nú skiptir enn meira máli en áður að við séum sýnileg sem fagstétt með skýr markmið og að hugmyndafræði þroskaþjálfara sé eftirsóknarverð og almenningi kunn. Við þurfum að kynna störf okkar vera sýnileg með blaðaskrifum og rannsóknum. Efla þarf fagvitund og frumkvæði þroskaþjálfara. Þroskaþjálfar eru fagmenn, lykilaðilar í þróun hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Þroskaþjálfar eiga að vera leiðandi afl gagnvart útfærslu á þjónustu við fatlað fólk og umfram allt sterk fagstétt með skýr markmið.

Að lokum er öllum þeim sem tekið hafa þátt í starfi félagsins færðar kærar þakkir.

Reykjavík 4. maí 2011

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

---

Laufey E. Gissurardóttir, formaður

## Skýrsla gjaldkera starfsárið 2010 - 2011

---

Störf gjaldkera hafa verið hefðbundin á árinu. Auk reglulegs samráðs við formann og stjórn um rekstur félagsins og starfsemi tengdri Vísindasjóð ÞÍ eru helstu verkefni samstarfs við bókkara og endurskoðanda félagsins.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 skilaði rekstartapi á félagsjóðs upp á kr. 1.764.331.- eftir fjármagnsliði - Gert hafði verið ráð fyrir hagnaði upp á kr: 377.201.-

Störf gjaldkera eru:

- Vinna með endurskoðanda við endurskoðun og ársuppgjör.
- Launaútreikningar og launagreiðslur
- Veita ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Valborg Helgadóttir  
Gjaldkeri

## Rekstrarreikningur ársins 2010, sameiginlegur

	2010	2009
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Félags- og vísindasjóður.....	45.761.742	44.511.824
Hlutdeild í rekstri Húsfélags BHM sf.....	(55.095)	(155.156)
Aðrar tekjur.....	110.000	140.000
	<u>45.816.647</u>	<u>44.496.668</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og tengd gjöld.....	18.321.457	11.740.060
Húsnæðiskostnaður.....	1.172.432	1.116.311
